




Alþýðusamband Íslands

Opinberir aðilar valda verðbólgu

Ríki og sveitarfélög hafa á síðustu árum aukið álögur á heimilin með ítrekuðum hækjunum á gjaldskrám og neyslusköttum. Þessar hækkanir skila sér beint út í verðlag og valda aukinni verðbólgu.


Frá árinu 2008 hefur opinber þjónusta hækkað um riflega 35% auk þess sem auknar álögur á eldsneyti, áfengi og tóbak hafa valdið um þriðjungs hækjun á þessum vörum á tímabilinu. Áætla má að hækkanir á opinberum álögum hafi á síðustu árum hækkað verðlag hér á landi um 5-6%.



Áhrifum af álögum opinberra aðila á verðlag má skipta annars vegar í beinar hækkanir á gjaldskrám og hins vegar í ýmsa neysluskatta sem leggst á verð vörug og þjónustu. Hér er farið yfir helstu hækkanir opinberra áлага sem höfðu áhrif til hækjunar á verðlagi á liðnum árum.

Sveitarfélögir eru stórir veitendur opinberrar þjónustu og breytingar á álögum þeirra hafa því umtalsverð áhrif á verðlag. Þar má nefna að gjaldskrár leik- og grunnskóla hafa hækkað mikið á undanförnum árum en skv. vísitölu neysluverðs **hækkuðu leikskólagjöld um 35% á árunum 2008-2012 og síðdegisvist í grunnskólum um 36%**. Þessar hækkanir höfðu áhrif til hækunar á verðlagi um 0,3-0,4 % á tímabilinu.

Þá hafa álögur sveitarfélaganna á fasteignaeigendur hækkað mikið undanfarin ár. Gjöld fyrir **sorþirðu hækkuðu um 50% á árunum 2008-2012, holræsagjöld um riflega 60%, vatnsgjöld um tæplega þriðjung og rafmagn og hiti um 66% á sama tímabili**. Samanlagt hafa þessi gjöld áhrif til hækunar á verðlagi um riflega 2% á tímabilinu.



Í janúar 2010 hækkaði eftir þrep virðisaukaskatts úr 24,5% í 25,5%. Ætla má að sú hækjun hafi skilað sér í um 0,2% hækjun á verðlagi í upphafi árs 2010.

Ríkið leggur auk virðisaukaskatts sérstakar álögur á eldsneyti, áfengi og tóbak sem hækkuðu fimm sinnum á árunum 2008-2012. Í heildina hækkaði verð á áfengi og tóbaki um riflega 67% á tímabilinu en rekja má um **30% hækjun til hækana á áfengis- og tóbaksgjaldi**.

Verð á bensíni og olíu hækkaði um tæplega 87% á árunum 2008-2012 en rekja má um **32% hækjun til hækana á bensín- og olíugjaldi**.

Samanlagt hafa auknar álögur ríkisins á áfengi, tóbak, bensín og olíu hækkað verðlag um 2% á tímabilinu.

Þá hækkuðu **gjaldskrár heilbrigðisþjónustunnar um riflega þriðjung** á árunum 2008-2012 en sú hækjun hefur áhrif til hækunar á verðlagi um 0,5% á tímabilinu.

Áhrif helstu hækkana á opinberum álögum á verðlag 2008-2012:

| Liður | Hækkun 2008-2012 | Vísitöluáhrif |
|----------------------------|------------------|---------------|
| Leik- og grunnskólar | 35-36% | 0,3-0,4% |
| Sorphirða, holræsi og vatn | 50% / 60% / 32% | 0,63% |
| Rafmagn og hiti | 66% | 1,4% |
| VSK úr 24,5% í 25,5% | | 0,2% |
| Áfengi og tóbak | 30%* | 0,7-0,8% |
| Bensín og olíur | 32%* | 1,2-1,3% |
| Heilbrigðisþjónusta | 34% | 0,5% |

*Hækkun sem rekja má til hækkana á opinberum álögum

Opinberir aðilar hafa í upphafi þessa árs enn aukið álögur sem leitt hafa til hækkana á flestum þeim liðum sem hér er fjallað um. ASÍ mun á næstu dögum halda áfram umfjöllun sinni um málið.